

Sjálfsmat á vorönn 2006

Skýrsla

Umsjón: Róbert Ferdinandsson B.s. gæðastjórnun.

Efnisyfirlit

Matsyfirlit/helstu niðurstöður	2
Aðgerðaráætlun	3
Inngangur	4
Aðferð við mat	5
Útkoma	6
Mat á fjarnámi FAS	6
Mat á skilvirkni mætingakerfisins	10
Uppgjörsfundur 24. maí 2006 frá 9:00-15:00	15
Heimildaskrá	16

Matsyfirlit. Helstu niðurstöður

Fjarnám

- Flestir eru sáttir við þá vinnu sem FAS er að skila í fjarnámi.
- Ekki var hægt að greina neina almenna óánægju með fjarkennsluna í skólanum.
- Fjarkennurum hrósað fyrir skipulag og WebCT notkun.

Fjarnám í FAS (ókostir)

- Ólag með skipulag bókfærsluáfanga á skrifstofubraut vorönn 2006.
- Nám á skrifstofubraut byrjar ekki með nógu ítarlegri upprifjun fyrir fólk sem hefur ekki verið 15-25 ár í skóla.
- Boðskipti og tilkynningar eru ekki í besta farveg þar sem tímar hafa fallið niður á án þess að langt að komnir nemendur á skrifstofubraut hafa fengið að vita.
- Stuðningur samstarfsskólanna við nemendur mætti vera meiri.

Mætingakerfið (kostir)

- Tryggir nemanda að honum sé ekki vísað úr stofu eða áfanga vegna geðþótta kennarans.
- Lítið svo á að nemandi eigi alltaf að mæta í tíma en taki ekki út frí kvótann sinn.
- Nemendum finnst mikilvægt að mæta vel í kennslustundir.

Mætingakerfið (ókostir)

- Mætingakerfið þyrfti að vera skilvirkara. Vinna sem kennarar leggja í það ferlið að skrá inn mætingar og fylgja óviðunandi mætingum eftir með tiltali og áminningum þarf að skila betra aðhaldi fyrir nemendur.
- Kennarar þurfa að vanda sig meira við skráninguna og skrá réttar.

- Nemendur taka ekki mark á mætingakerfinu að dómi kennara.
- Tryggja þarf með einhverju móti að nemendur þekki mætingareglurnar en of lágt hlutfall nemanda á fyrsta ári þekkja mætingareglurnar.
- Nemendur mættu fara oftar inn á Innu til að athuga mætingarnar.

Uppgjör kennara í FAS (kostir)

- Kennarar að ná tókum á 100 tíma reglunni.
- Góður kraftur í félagslífi nemanda á yfirstandandi önn.
- Samstarf við Heppuskóla í góðum farveg.
- Samstarf við tónskólann í fastar formi.

Uppgjör kennara í FAS (ókostir)

- Fjarkennsla og hópvinna sem hafa verið áherslur skólans skarast að nokkru leiti í aðferð.
- Aðgangssleysi foreldra að Innu.
- Taka þarf ákvörðun um áframhaldandi WebCT notkun.
- 100 tímareglan of lágt viðmið í erfiðustu áföngunum.
- Umræða um hópvinnu legið í láginni.
- Gera þarf átak í endurnýjun kennslutækja.
- Vantar myndir og skreytingar á veggum skólans.
- Umsjónakennarar þurfa að kynnast námsleiðum tónsskólans

Aðgerðaráætlun

Fjarnámið í FAS

Bent hefur verið á möguleikann sé að nota SMS og síma í fjarkennslu. Felst allir nemendur eiga farsíma. Aukin og bætt samskipti ættu að draga úr líkum að skilaboð rati ekki til nemanda. Benda kennurum á möguleikann að skipuleggja fjarkennslu út frá öllum þeim möguleikum sem í boði eru.

Skilvirkni mætingakerfisins

Undir lok vorannar var gripið til samstillts áttaks kennara sem fólst í því að veita nemendum sem fengið höfðu ófullnægjandi mætingu viðvaranir og áminningar eins og reglurnar skólans kveða á um. Þessar aðgerðir höfðu þau áhrif að nemendur fóru að mæta betur. Rætt hefur verið að grípa fyrr inn í málin með sambærilegum aðgerðum á næstu haustönn.

Til stendur að verja fyrstu tveimur vikum lífsleikninnar í það að kynna reglur og gildi skólans. Lífsleikniáfanginn var færður yfir á haustönn og í honum gefst kærkomið tóm til þess að fara yfir skólareglurnar. Þessi yfirferð ætti að stuðla bættri þekkingu nemanda á reglum skólans. Hægt er að leggja fyrir samskonar mælingu og lögð var fyrir 14. febrúar til að sjá bættan árangur. Þessar tillögur voru settar fram í matsskýrslu lífsleikninnar á vorönn 2006 með öðru tillögum.

Uppgjörsfundur kennara

Rætt um að auka skilning nemanda á 100 tíma reglunni þannig að þau skilji það ekki sem þak á vinnunni sinni og skilji ekki þessa reglu sem tímavinnu þar sem er nóg að mæta og leggja að öðru leiti ekkert að mörkum. Til að auka hópinnuþátttöku nemanda á WebCT er hægt að meta slíka vinnu til einkunnar. Sýna samstillt átak til að ná böndum yfir mætingar nemenda. Stefnt að fagfundum á haustönn 2006 til að bæta fagreasamstarf. Gera átak í endurnýjun kennslutækja. Möguleiki að senda foreldrum ólöggráða nemanda aðgangsorð að INNU til að bæta foreldrasamstarf. Hafa samráð við Menningarmiðstöðina við það að skreyta veggj stofnunarinnar.

Inngangur

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu hefur sett sér það markmið að gera sjálfsmat skólans opinbert fyrir lok október 2006. Þó svo formleg sjálfsmatsskýrsla hafi ekki litið dagsins ljós á umfangsmikið sjálfsmat sér stað innan skólans þar sem er reynt að ná til allrar starfseminnar. Ef litið er til baka var m.a. lagt fyrir:

- Áfangamat nemenda í lok haustannar og vorannar 2005
- Könnun á viðhorfum íbúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar til Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu í ágúst 2005.¹
- Spurningalisti á WebCT þar sem nemendur voru spurðir um ánægju þeirra með þjónustu skólans í lok vorannar 2004.

Í lok hvernar annar eiga sér stað samtöl milli skólameistara og kennara þar sem hver áfangi er metinn sérstaklega og tillögur að endurbótum settar fram. Á miðri önn eiga sér stað samtöl milli kennara og nemanda þar sem nemendur geta komið á framfæri óskum og tillögum að bættu kennslufyrirkomulagi. Í lok hvers skólaárs er hefð fyrir dagslögum uppgjörsfundi. Á þeim fundi hefur verið farið yfir skólaárið og hvernig til hefur tekist. Einnig hefur verið litið til þeirra tækifæra sem skólinn hefur í framtíðinni.

Segja má að vinnan við sjálfsmatið vorið 2006 hafið einkennst af nokkurri leit. Ljóst er að það eru margar aðferðir og leiðir til að koma á sjálfsmati. Fengin var kynning frá Fjöltækniskólanum á ÍSÓ9001 stöðlunum. Rætt var um hvort taka ætti upp altæka gæðastjórnun. Tekin ákvörðun um að fá Sigurlaugu Davíðsdóttur rágjafa í málið sem mælti með leið sem kalla mætti Result. Result aðferðin og hugmyndafræðin er sniðin að skólastarfi og hefur gefist vel í Flensborgarskólanum. Sjálfsmati á vorönn 2006 var stýrt af Róberti Ferdinandssyni og Eyjólfí Guðmundssyni skólameistara.

Aðferð við mat

Sjálfsmatskerfið sem unnið var með í FAS vorið 2006 byggist á hugmyndum Mike Schomoker, hefur einfaldleikan að leiðarljósi. Mike Schomoker leggur áherslu á að þegar sjálfsmatskerfi í skólum eru tekin upp að þau skili skjótum og mælanlegum umbótum. Umbótaverkefni eiga að vera einföld í hugsun, studd með rannsóknum, fá að tölu og hafa mikla vannýtta möguleika.² Þau þurf einnig að hafa þýðingu fyrir gæði kennslunnar og námsárangur nemanda.³ Áhersla á árangur er kjarninn í skólaumbótum. Grundvöllur árangurs er; merkingarbær upplýst liðsvinna, skýr mælanleg markmið og sundurgreining á árangurstengdum gögnum. Í þessu anda var lagt að stað með tvö verkefni í FAS vorið 2006. Fyrri hópurinn hafði það að markmiði að rannsaka WebCT notkun og fjarnámið í FAS en hið síðara beindi sjónum sínum að skilvirkni mætingakerfisins.

² Sbr. Schomoker, bls. 1

³ Sigurlína Davíðsdóttir, fundur 21 janúar 2006 og Schomoker, bls. 2

Útkoma

Tvö verkefni í anda Result aðferðarinnar voru unnin á haustönn en það fyrra fjallar um mat á fjarnámi í FAS en hið síðara um skilvirkni mætingakerfisins. Matsfundur kennara í lok skólaársins 2005-2006 var upp úr fundargerð kennarafundar og dregin saman í SVÓT greiningu styrkleika og veikleika í innra starfsumhverfi og ógnana og tækifæra í hinu ytra umhverfi skólans.

Mat á fjarnámi FAS

Hópmeðlimir

Árný A. Hinriksdóttir, Eyjólfur Guðmundsson (hópstjóri), Halldór Tjörvi Einarsson, Helgi Georgsson, Sigurgeir Guðjónsson, Steindór Tryggvason og Zophonías Torfason

Matsþættir

Matið beinist að fjarkennslu sem skipta má í fjóra flokka. Í fyrsta lagi fjarkennslu í dagskóla á milli framhaldsskólanna á Austurlandi. Í öðru lagi 30 brl. skipsstjórnunarréttindanámi. Í þriðja lagi skrifstofubraut í kvöldskóla og í fjórða lagi fjarkennsla á almennum áföngum á 3. og 4. árs.

Ástæður mats

Vaxtamöguleikar FAS byggja á fjarkennslu í gegnum WebCT.

Matsspurningar:

Atriði sem lagt var af stað með í upphafi voru:

Ánægja nemanda

Hverjir sækja í námið?

Henta námsgögn fjarnáminu

Hvaða kennsluaðferðum er beitt.

Hversu hátt er brottfall og ástæður þess.

Staðreyndaröflun


Lögð var fyrir könnun á WebCT þar sem nemendur voru spurðir:

1. Merktu við þann flokk fjarnáms sem þú ert í.
2. Hvernig líkar þér kennslan og skipulag hennar?
3. Hvernig gengur þér í náminu?
4. Hvað finnst þér best við námið?
5. Hvað má helst laga varðandi skipulag og kennslu?

Síðan voru tekin viðtöl við 10 nemendur þar sem spurt var opinna spurninga um fjarnámið. Stafsmenn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar tóku viðtölin.


Könnun í WebCT

Alls 65 nemendur af 150 svöruðu könnuninni í WebCT eða 43,3%. Eftirfarandi svör komu úr spurningum:




Mynd 1.

Eins og sjá má á mynd 1 þá er svarhlutfallið best hjá nemendum á skrifstofubraut en verst í 30 rúmlesta réttindanáminu. Segja má að vegna þess hve fáir svara úr hópi nemenda sem eru í 30 rúmlesta réttindanáminu þá komi engar marktækar upplýsingar frá þeim hópi. Svarhlutfall nemenda í fjarnámi frá ME og VA er tæp 60% og í fjarnámi á 3. og 4. námsári tæp 40%. Könnunin gefur því einhverja upplýsingar um afstöðu þessa hópa en þeim þarf þó að taka með hæfilegum fyrirvara. Best er svarhlutfallið á skrifstofubraut þar sem um 85% nemenda svara og þar eru því mjög marktækar upplýsingar á ferðinni. Í spurningum hér á eftir eru svörin ekki greind eftir tegundum fjarnáms en þó er vert að hafa í huga að þau eru frá nemendum í þremur flokkum af fjórum.



Mynd 2:

Ekki er greint á milli svara eftir tegundum fjarnáms. Fjörtíu prósent þeirra sem svara, líkar kennslan og skipulag hennar vel. Tæp 32% líkar hún sæmilega en rúm 28% líkar kennslan ekki vel eða illa.



Mynd 3

Þegar nemendur voru spurðir hvernig þeim gengi í náminu var rúmur helmingur eða 51,7% sem sagði að það gengi vel. Nákvæmlega 35% svöruðu sæmilega en 13,3% svöruðu ekki vel eða illa.

Þegar nemendur voru spurðir um hvað þeim fyndist best við námið voru svörin misjöfn. Nemendur tjáðu ánægju sína með kennara og skipulag kennslu. Nefnt var að það væri jákvætt að geta stundað námið utan vinnutíma og í heimabyggð. Námið hentar hópi nemanda sem nýlega hefur verið á skólabekk en einnig hópi þeirra sem ekki hafa stundað nám í umtalsverðan árafjölda. Námið opnar dyr í framtíðina og bætir stöðu á vinnumarkaði. Sveigjanleiki til að vinna á þeim tímum sem hentar, frjáls

mæting og gott efni á WebCT. Þægilegt að geta unnið heimavið á tíma sem hentar. Margir nemendur ánægðir með WebCT og skipulag kennara á því.

Þegar nemendur voru spurðir um hvað helst mætti laga varðandi skipulag og kennslu kom í ljós tilfallandi óánægja með skipulag einstaka áfanga. Þeir nemendur sem ekki hafa stundað nám í mjög langan tíma gætu haft þörf fyrir ýtarlegri upprifjun í íslensku, ensku og stærðfræði. Það mætti einnig kenna fólki á WebCT í upphafi náms og færa tölvukennsluna framar á skrifstofubraut svo hún nýtist betur. Nefnt var að helgarkennsla í tölvufræðinni mæltist ekki vel fyrir. Nemendur á Fáskrúðsfirði hafa haft minnsta sambandið við kennarana þar sem engin áfangi hefur verið kenndur þaðan í fjarkennslunni og gætu þurft staðarlotu. Kennara mættu nota SMS til að senda skilaboð ef tími fellur niður þar sem margir þurf að aka talsverðan spöl til að sækja fjarkennslu. Mætti láta vita fyrir af prófdögum. Nefnt var þyngdar stig á verkefnum og lesefni sé of mikið og að skýringar í bókum sé ekki góðar. Stuðningur skólanna og samband við kennara mætti vera meira.

Viðtöl

Eins og fram kom hér að framan voru tekin viðtöl við átta nemendur. Niðurstaðan úr þeim var sú sama og úr spurningakönnuninni að nemendur eru ánægðir með heildarskipulag fjarnáms við FAS en hafa athugasemdir við framkvæmdina í einstaka áföngum.

Mat á skilvirkni mætingakerfisins.

Hópmeðlimir

Björgvin Guðmundsson, Hildur Þórsdóttir, Hjördís Skírnisdóttir, Róbert Ö Ferdinandsson (hópstjóri) og Vilhjálmur H. Gíslason.

Matsþættir

Matið beinist að mætingum nemanda og mætingaskráningu. Vandinn er sá að sumir taka mætingarnar ekki alvarlega. Það fer mikil orka hjá kennurum að fylgja eftir mætingareglum sem nemendur virðast ekki taka mark á.

Ástæður mats

Það er tengsl á milli mætinga og námsárangurs. Það er því hagur nemenda að mætingakerfið sé skilvirkt.

Matsspurningar:


1. Að hvaða leiti er mætingakerfið skilvirkt/óskilvirkt?
2. Að hvaða leit eru nemendur/foreldrar/kennarar/stjórnendur sáttir eða ósáttir við kerfið?
3. Að hvaða leiti er áminningarferlið rétt eða réttmætt og virkar það sem aðhaldstæki?
4. Að hvaða leiti er mætingareiningin hvetjandi?
5. Hvernig er hægt að tryggja rétta skráningu í fjarkennslu (fjarfundi)?
6. Er skráningin rétt?

Staðreyndaröflun

Lög fyrir könnun í lífsleikninni 14. febrúar en í þeim áfanga er meirihluti þeirra nemenda sem stunda nám á fyrsta ári í FAS. Í henni er verið að afla gagna sem geta varpað ljósi á spurning 1 og 6. Lagt var áhersla að mögulegt væri að hafa árangurstengda mælikvarða og þannig að mögulegt væri endurtaka könnun til að sjá árangur. Spurt var:

1. Hversu oft ferðu inn á Innu til að athuga mætingar?
2. Finnst þér mætingarnar rétt skráðar?
3. Hversu mikilvægt finnst þér það að mæta vel í tíma?
4. Hversu vel telur þú þig þekkja mætingareglur skólans? Merktu hring við réttan bókstaf.
5. Hversu oft má nemandi vera fjarverandi (vegna veikinda, ferðalaga eða annarra erinda) á önn.


Svarhlutfall í þessari könnun var 75% en 24 af 32 svöruðu könnunni. Þrír voru skráðir veikir þennan dag. Einu svarblaði var skilað eftir að talnaúrvinnsla hafði farið fram (það tilfelli kemur fram samt í spurningu 5 þar sem unnið var úr þeirri spurning síðar). Það eru fjögur óskýrð tilfelli sem ekki var skilað inn í þessari könnun.



Mynd 4:

Hversu áhugasamir eru nemendur um mætingarnar sínar og eru þeir að fylgjast með þeim? Niðurstöður könnunarinnar sýnir að tíu nemendur fara einu sinni í viku inn á Innu og athuga mætingarnar eða 41,7%. Þeir sem fara einu sinni eða oftar og annan hvern dag inn á Innu eru þrír eða 12,5%. Jafn stórt hlutfall fer aldrei inn á Innu. Þeir sem svöruðu annað sögðust misjafnt, 2-3 vikna millibili, annan hvern mánuð, hálfmánaðar fresti, 1 sinni í mánuði, þegar mér dettur í hug og þegar ég nenni.


Tillögur til endurbóta: Það hefði verið betra að hafa svarmöguleikann, sjaldnar en einu sinni í viku og ber að hafa í huga ef könnunin verður lögð fyrir aftur. Stefna þarf að því að auka hlutfall þeirra sem fara einu sinni á dag eða oftar.



Mynd 5:


Það eru 10 nemendur eða 41,2% sem telja að mætingarnar séu ekki rétt skráðar en 6 sem segja að þær séu rétt skráðar eða 25%. Sjö manns eða 28% vita hreinlega ekki svarið við þessari spurningu. Eitt tilfalli vantar.

Tillögur til úrbóta. Rétt skráning stuðlar að tiltrú nemanda á mætingakerfinu og er forsenda þess að þeir taki mark á því. Í matshópi voru ræddar leiðir til að bæta réttsskráningu og m.a. stungið upp á því að kennarar vörpuðu nemandalista upp á tjald um leið og lesið væri upp. Brýna þarf fyrir nemendum að segja rétt til nafns og fylgjast með skráningu. Ef hægt er auka hlutfall þeirra nemanda sem fara einu sinni á dag eða oftar til að athuga mætingar myndi aðhald með skráningu kennara aukast.



Mynd 6

Varla nokkur efast um að það sé mikilvægt að mæta í tíma. Níu manns segja að það sé mjög mikilvægt en 12 að það sé mikilvægt. Það er mögulegt að spurning sé leiðandi. Það hefði hinsvegar verið verulegt áhyggjuefni ef hópur nemenda teldi að það sé ekki mikilvægt að mæta vel.



Mynd 7

Helmingur þeirra sem svöruðu sögðust þekkja mætingareglur skólans vel eða mjög vel. Hinn helmingurinn telur sig þekkja þær hvorki vel né illa eða illa.

Mun verri niðurstaða fæst þegar við skoðum spurningu 5 um hversu oft má nemandi vera fjarverandi (vegna veikinda, ferðalaga eða annarra erinda) á önn. Hópmeðlimir fóru yfir svör nemanda og fundu út að eingöngu 1/5 svöruðu rétt. Þetta er sláandi niðurstaða og önnur en sú sem niðurstöðurnar úr spurningu 4 gefa til kynna. Það hlýtur að vera erfitt fyrir nemendum að framfylgja reglum sem þau þekkja augljóslega ekki betur en þetta.

Tillögur til úrbóta. Tillögur að nýju skipulagi á efnisyfirferð í lífsleikni þar sem tveimur vikum yrði varið í það að kynna nýnemum skólareglur, gildi skólans, vinnu lag o.fl., gæti stuðlað að bættri þekkingu nemanda á fjarvistareglum. Hægt er að sjá hvort árangur verður af þessum úrbótum með því að leggja spurningalistann aftur fyrir þegar 6 vikur eru liðnar af önninni. Ráðist var í samstillt áttak sem fólst í því að veita nemendum áminningar sem voru komnir yfir leyfilegar mætingar.

Tillögur til úrbóta. Samantekt.

Af hverju taka nemendur ekki mark á mætingakerfinu? Nemendur þekkja ekki nema í 20% tilfellum mætingareglur skólans. Mögulegt er að kynna reglurnar og framfylgja reglunum af festu. Til að auka virðingu nemenda fyrir mætingaskráningunni má bæta innskráninguna. Rætt um leiðir til þess, t.d. að varpa Innu innskráningunni upp á veggjald á meðan skráð er. Mikilvægt er að brýna fyrir nemendum þá lánmarkskurteisi að segja rétt til nafns. Hugmyndir hópsins um að það þurfi að breyta reglunum, t.d. í samræmi við það sem er hjá öðrum framhaldsskólum sem hafa rýmri reglur eru ótímabærar. Þegar minnihluti nemenda skólans virðast þekkja reglurnar og þegar kennarar eru ekki að framfylgja þeim með samstilltum hætti er ekki víst að nýjar

reglur leysi vandann. Sjálfsmatshópur vildi kanna vandann út frá nýju sjónarhorni þar sem kennarar yrðu spurðir hvort þeir væru búnir að framfylgja fjarvistum nemanda með tiltali eða áminningu eins og reglur kveða á um en frá þessu var horfið sökum tímaskorts. Lagðar hafa verið fram tillögur um breytingar á kennslu lífsleikni en hana á að kenna á haustönn 2006. Þar er hægt að fara yfir skólareglur, gildi skólans, val o.fl. Undir lok vorannar var grípið til samræmdra aðgerða til að bregðast við fjarvistum nemanda. Óútskýrða fjarvistir þeirra nemanda sem voru yfir viðmiðunarmörkum voru ræddar á kennarafundum og það ákveðið hverjir skyldu fá ámenningu.

Uppgjörfundur 24. maí 2006 frá 9:00-15:00

Uppgjörfundur er haldinn árlega en þar fara kennarar og stjórnendur skólans yfir skólafundi. Á þessum fundum er hefð fyrir því að meta hvernig gekk á yfirstandandi skólaári og hvað framtíðin ber í skauti sér. Á þessum fundi voru eftirfarandi mál tekin til umræðu: 100 tíma reglan, verkefnavinna, hópvinna, fjarkennslan, mætingar, starf í kennarahópnum innan skólans, samstarf innanhúss, samstarf við foreldra, félagslíf nemenda, samstarf við Heppuskóla, aðstöðu og aðbúnað í FAS, breytingar í starfsnámi. Þessi umræða var dregin saman í fundargerð kennarafunda. Tilvísanir í fundargerðina hafa verið dregnar saman og settar fram sem SVÓT greining ógnana og tækifæra í ytra umhverfi og veikaleika og styrkleika í innra starfi.

<p>Ógnanir</p> <ul style="list-style-type: none"> -Bent var á að fjarkennsla og vinna gegnum WEBCT væri dálítið gagnstæð hefðbundinni hópvinnu. - Hafa þarf í huga að foreldrar fái aðgang að INNU hjá nemendum strax í upphafi nýrrar annar. - Taka þarf ákvörðun um áframhald í notkun vefkennsluumhverfis. Líklegast að það verði áframhald á notkun WEBCT en þá í nýrri útgáfu. 	<p>Tækifæri</p> <ul style="list-style-type: none"> -Möguleiki að koma af stað umræðu inni á WEBCT og þá getur reynst mikilvægt að meta þátttöku nemenda til einkunna. (Þannig myndast hópar og það rífur einangrun fjarnemanda). -Bent á hagnýti síma í fjarkennslu. -Staðbundnar lotur minnka brottfall í fjarkennslu. -Skiplleggja fjarkennslu út frá öllum þeim möguleikum sem eru í boði. -Sýna samstöðu með mætingaferlið og grípa fyrir inn í. Samstarfsfundi innan faghópa í FAS. -Iðnnámi verður breytt þannig að nemendur eigi greiðari leið að fylla upp í námsskyldu sem sett er upp.
<p>Veikleikar</p> <ul style="list-style-type: none"> -100 tímareglan of lágt viðmið í erfiðustu áföngunum. -Umræða um hópvinnu hefur legið í láginni á yfirstandandi skólaári. - <i>Gera þarf áttak</i> við endurnýjun á kennslutækjum í raungreinakennslu og húsbúnaði í raungreinastofu. -<i>Rætt um skreytingar</i> á veggjum og göngum skólans -Umsjónakennarar þurfa að kynnast námsleiðum tónskólans. 	<p>Styrkleikar</p> <ul style="list-style-type: none"> -Kennarar telja sig smám saman hafa öðlast reynslu við að skipuleggja nám nemenda í takti við 100 tíma regluna. -Það gekk vel í félagslífi nemanda á s.l. skólaári, nemendur fengu menningarverðlaun fyrir störf sín í félagsmálum árið 2005, uppsetning á leikriti á vorönn gekk vel og flest var jákvætt. - <i>Samstarf við Heppuskóla</i> verður með svipuðu sniði og undanfarin ár. -<i>Samstarf við Tónskólann</i> er með fastara formi en áður var og má líta svo á að nám í Tónskólanum samhliða námi í FAS sé jafngilt því að námið sé í raun stundað í FAS og einkunnir og einingar séu sjálfkrafa færðar á námsferil FAS.

Heimildaskrá

Schmoker, Mike *Results: The Key to Continuous School Improvement 2nd Edition* (Virginia: ASCD, 1999)

Þorlákur H. Helgason *Viðhorf íbúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar til Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu (FAS)* (Reykjavík: Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands, Ágúst 2005).